

---

**RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI**

Þórunnarstræti 99, 600 Akureyri,

Sími 463-0570, Fax 463-0560

Netfang: [rha@unak.is](mailto:rha@unak.is)

Veffang: <http://www.unak.is/rha>

---



**SAMGÖNGUR Á VESTFJÖRÐUM**

**KÖNNUN MEÐAL VESTFIRÐINGA Á VIÐHORFUM  
TIL SAMGÖNGUMÁLA**

**Unnið fyrir:**

**Fjórðungssamband Vestfjarða**

**Hjördís Sigursteinsdóttir**

**Grétar Þór Eypórsson**

---

**Mars 2004**

---

## Efnisyfirlit

<i>1. Inngangur</i> .....	3
1.1. Framkvæmd og heimtur .....	3
<i>2. Niðurstöður</i> .....	5
2.1. Ein mikilvæg framkvæmd í vegamálum .....	5
2.2. Mat á samgönguframkvæmdum .....	8

## 1. Inngangur


Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal íbúa á Vestfjörðum. Könnuð voru viðhorf til samgöngumála og samgöngukosta. Könnunin var framkvæmd og skýrslan rituð af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri að beiðni Fjórðungssambands Vestfjarða.

Rannsóknin náði til íbúa á öllum Vestfjörðum og var þýðið skilgreint sem fólk á aldrinum 18-70 ára og var búsett á Vestfjörðum 1. febrúar 2004. Svör við spurningunum eru greind eftir búsetu viðkomandi. Niðurstöður eru settar fram á myndrænan hátt ásamt stuttri túlkun. Áreiðanleiki niðurstaðna í þessari rannsókn var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið af slíkri greiningu í túlkun á gögnum varðandi tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru.

### 1.1. Framkvæmd og heimtur

Úr þýðinu var dregið 625 manna slembiúrtak úr þjóðskrá. Af þeim reyndust 80 vera fluttir eða af öðrum skýranlegum orsökum óaðgengilegir. Endanlegt úrtak varð því 545 manns og endurspeglaði það ágætlega aldurs-, kynja og búsetuskiptingu þýðisins. Könnunin var framkvæmd sem símakönnun og var hringt í einstaklingana dagana 19. febrúar – 4. mars sl.

Alls náðist samband við 518 manns sem er 95% af endanlegu úrtaki. Það féllust 380 manns á að svara spurningalistanum og telst svörun því vera 69,7%, sem er ágætlega viðunandi í rannsókn sem þessari. Rúmlega fjórðungur þeirra sem náðist til neitaði að svara spurningalistanum eða 25,3% úrtaksins.



Mynd 1. Svarhlutfall í könnuninni.

Engin tengsl virðast vera milli svörunar og bakgrunnspáttu. Þannig er hlutfall karla og kvenna hið sama í hópi þeirra sem svara og í hópi þeirra sem neita að taka þátt eða ekki náðist í. Sama má segja um aldur og búsetu eftir sveitarfélögum og póstnúmerum. Hlutfall þeirra sem neita þátttöku eða ekki náðist í er ekki óeðlilega hátt í neinum af þessum bakgrunnspáttum sem til skoðunar eru.



## 2. Niðurstöður

Spurt var tveggja spurninga er varða samgöngumál á Vestfjörðum, annars vegar var viðkomandi beðinn um að nefna eina framkvæmd í vegamálum sem honum finnst mikilvægt að fara í á næstu árum og hins vegar að taka afstöðu til ákveðinna samgönguframkvæmda eða samgöngubóta sem tilgreindar voru af spyrli.

### 2.1. Ein mikilvæg framkvæmd í vegamálum

Viðkomandi voru beðnir um að nefna eina framkvæmd í vegamálum sem þeir telja mikilvægt að fara í á næstu árum. Vestfirðingar virðast almennt sammála um að bæta þurfi samgöngur í fjórðungnum. Einnig virðist sú skoðun að ráðast þurfi í gerð jarðgangna milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar vera nokkuð útbreidd, sem og að lagi þurfi vegi eða vegarkafli á leiðinni um Barðaströnd milli Reykhólasveitar og þéttbýlisstaðanna á sunnaverðum Vestfjörðum. Hvað aðrar samgöngubætur varðar þá virðist það meira háð búsetu hvers og eins hversu mikilvægt er talið að fara í framkvæmdina á næstu árum.

Á Norðanverðum Vestfjörðum leggja flestir áherslu á að lagfæra veginn um Ísafjarðardjúp en 35% þeirra sem svara spurningunni nefna þá vegaf framkvæmd. Um 26% nefna jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og 12% telur mikilvægt að stytta leiðina til Reykjavíkur. Mun færri nefndu aðrar framkvæmdir (mynd 2).

Á sunnanverðum Vestfjörðum leggja flestir áherslu á jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og að stytta leiðina til Reykjavíkur en 32% nefna hvora vegaf framkvæmd fyrir sig. Ennfremur nefna 22% að mikilvægt sé að laga vegi um Barðaströnd á næstu árum (mynd 3).


Íbúar á Reykhólasvæðinu leggja flestir áherslu á að laga vegi um Barðaströnd á næstu árum eða 36%, 21% telur mikilvægast að laga veginn um Svínadalinn og 19% nefnir veg um Arnkötludal (mynd 4).

Langflestir íbúar á Ströndum nefna að Arnkötludalur sé sú vegaf framkvæmd sem mikilvægt sé að fara í á næstu árum, eða alls 68% þeirra sem svara spurningunni, 18% telja að bæta skuli vegi um Strandir og 12% nefna samgöngur á Vestfjörðum almennt (mynd 5).

Tafla 1. Mikilvægar framkvæmdir í vegamálum.


	Norðan- verðir Vest- firðir	Sunnan- verðir Vest- firðir	Reykhóla- svæði	Strandir:
Vegur um Arnkötludal	7%	0%	19%	68%
Göng milli Arnarfj. og Dýrafj. eða samgöngubætur milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða	26%	32%	10%	3%
Lagfæringar á vegum um Ísafjarðardjúp	40%	4%	0%	0%
Stytta leið milli Vestfjarða og Reykjavíkur	12%	32%	5%	0%
Bæta samgöngur á Vestfjörðum almennt	7%	11%	10%	12%
Laga veg um Svinadal	0%	0%	21%	0%
Bæta vegi um Strandir	1%	0%	0%	18%
Laga vegi á Barðaströnd	0%	22%	36%	0%
Göng milli Ísafjarðar og Bolungavíkur	2%	0%	0%	0%
Göng milli Ísafjarðar og Súðavíkur	3%	0%	0%	0%
Göng milli Djúps og Barðastrandar	2%	0%	0%	0%
Alls:	100%	100%	100%	100%

Rétt er að geta þess að hin opnu svör fólks við spurningunni eru margslungnari en fram kemur í töflunni að ofan. Til einföldunar eru þau hinsvegar flokkuð í 11 flokka eins og fram kemur í töflu 1. Við flokkunina er reynt að líta heildrænt á leiðir. Þannig er t.d. ýmsum tillögum um staðbundnar samgöngubætur í Ísafjarðardjúpi steipt saman í flokkinn *Lagfæringar á vegum um Ísafjarðardjúp*. Sama gildir um *Laga vegi um Barðaströnd*; en þar eru flokkaðar saman hugmyndir sem miða að ýmsum lagfæringum á leiðinni frá þéttbýlisstöðum á sunnanverðum Vestfjörðum austur með norðanverðri strönd Breiðafjarðar. Aðrar tillögur eru staðbundnari, eins og t.d. hugmyndin um veg um Arnkötludal.




Mynd 2. Þrjár mikilvægustu framkvæmdir í vegamálum að mati íbúa á norðanverðum Vestfjörðum.






Mynd 3. Þrjár mikilvægustu framkvæmdir í vegamálum að mati íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum.



Mynd 4. Þrjár mikilvægustu framkvæmdir í vegamálum að mati íbúa á Reykhólasvæðinu.




Mynd 5. Þrjár mikilvægustu framkvæmdir í vegamálum að mati íbúa á Ströndum.

## 2.2. Mat á samgönguframkvæmdum

Í annarri spurningu í könnuninni voru taldar upp sex samgönguframkvæmdir eða samgöngubætur og voru viðkomandi beðnir um að leggja mat á að hve miklu leyti þær breyttu eða myndu breyta þeirra eigin aðstæðum til hins betra. Þessar tilteknu samgönguframkvæmdir voru: (1) *frekari lagfæringar vega um Barðaströnd*, (2) *jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar*, (3) *gerð vegar um Arnkötludal*, (4) *samgöngubætur milli Bolungavíkur og Ísafjarðar*, (5) *samgöngubætur milli Súðavíkur og Ísafjarðar* og (6) *aukin ferðatíðni Breiðafjarðarferjunnar Baldurs*.

Sé litið til fjórðungsins alls er ljóst að hlutfallslega flestir telja sig hafa bættan hag af vegi um Arnkötludal eða um 51%. Næst í þeirri röð kemur gerð jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, en 45% telja þau göng bæta aðstæður sínar. Samgöngur milli Súðavíkur og Ísafjarðar nefna 41%, lagfæringar vega um Barðaströnd nefna 37%, samgöngubætur milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur nefna 29% og loks nefna 21% aukna ferðatíðni Baldurs. Þetta sést ítarlegar í mynd 6 hér fyrir neðan.




Mynd 6. Mat íbúa á Vestfjörðum á því hvort samgöngubætur breyti aðstæðum þeirra.




Eins og vænta má er mat fólks á þessum málum mjög svæðaskipt, enda verið að vísa beinlínis til þess hvort aðstæður þess breytist til hins betra.

Þannig njóta lagfæringar vega um Barðaströnd mests fylgis á sunnanverðum Vestfjörðum (67%) og þar á eftir meðal íbúa í Reykhólasveit (40%).




Mynd 7. Frekari lagfæringar vega um Barðaströnd, greint eftir búsetu.

Jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar njóta, af landfræðilegum ástæðum langmests fylgis á þeim tveimur svæðum sem göngin myndu tengja. Tæplega 2 af hverjum 3 íbúum sunnanverðara Vestfjarða telja þau bæta hag sinn og ríflega annar hver íbúi á norðursvæðinu telur svo vera.




Mynd 8. Jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, greint eftir búsetu.

Strandamenn virðast hafa mestan hag af vegi um Arnkötludal, ef marka má svörin, en tæplega 70% þeirra telja hann bæta hag sinn mikið eða mjög mikið. Áhugi á málinu er einnig verulegur á norðanverðum Vestfjörðum (52%) og í Reykhólasveit (58%).



Mynd 9. Lagning vegar um Arnkötludal, greint eftir búsetu.


Samgöngubætur milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar eru mjög staðbundin framkvæmd og afmörkuð og því kemur ekki á óvart að áhugi fyrir henni er fyrst og fremst á norðursvæðinu, þar sem tæp 50% segja sig hafa af henni hag. Annarsstaðar er þetta verulega mikið minna.



Mynd 2. Samgöngubætur milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, greint eftir búsetu.




Samgöngubætur milli Ísafjarðar og Súðavíkur njóta einnig mikils fylgis á nærsvæði sínu, á norðanverðum Vestfjörðum, þar sem ríflega 65% telja sig hafa af henni hag. Eðlilega hefur fólk annarsstaðar af henni minni hag.



Mynd 11. Samgöngubætur milli Súðavíkur og Ísafjarðar, greint eftir búsetu.

Spurningin um að fjölga ferðum Baldurs yfir Breiðafjörð hefur eðlilega langmesta skírskotun til sunnanverðra Vestfjarða, þar sem yfir 50% segja sig hafa af henni hag. Norðursvæði kemur þarna einnig merkjanlega við sögu, en hartnær fimmti hver aðspurður þar telur slíkt geta bætt aðstæður sínar.



Mynd 12. Aukin ferðatíðni Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, greint eftir búsetu.



